

Tillögur stjórnar Kviku banka hf. til aðalfundar þann 14. mars 2019

1) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2018 og ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu (dagskrárliður 2)

Lagt er til að ársreikningur ársins 2018 verði samþykktur eins og hann er lagður fram.

Stjórn leggur til að hluthafar fái greiddar kr. 0,24 á hlut í arð fyrir rekstrarárið 2018. Fyrirhugað arðgreiðsla nemur samtals kr. 442.799.114,-. Lagt er til að hlutabréf sem skipta um hendur frá og með 15. mars 2019 (arðleysisdagur) verði án arðsréttinda og réttur hluthafa til arðgreiðslu verði miðaður við hlutaskrá félagsins við lok viðskipta þann 18. mars 2019, sem yrði arðsréttindadagur. Lagt er til að arður verði greiddur út 26. mars 2019, sem yrði útborgunardagur.

Greinargerð: Stjórn leggur til arðgreiðslu sem samsvarar um 25,3% af hagnaði ársins. Arðgreiðslutillaga þessi er í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins. Eftir arðgreiðsluna munu eiginfjárgrunnur og lausafjárhlutfall rúmast vel innan þeirra marka sem stjórn hefur sett félaginu.

2) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 3)

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt.

Greinargerð: Stjórn Kviku banka hf. hefur það að markmiði með tillögu að starfskjarastefnu, sem lögð er fyrir aðalfund félagsins, að marka félaginu raunhæfa stefnu um starfskjör sem geri félaginu fært að laða til sín starfsmenn í fremstu röð og tryggja þar með samkeppnishæfni félagsins að teknu tilliti til laga og reglna.

Þeim breytingum sem lagðar eru til á starfskjarastefnunni frá síðasta ári er ætlað að gera hana skýrari og gagnsærri. Bætt hefur verið við umfjöllun um starfskjaranefnd stjórnar og launajafnrétti, auk þess sem kaupaukakerfi félagsins hefur verið fellt inn í starfskjarastefnuna. Þá hefur umfjöllun um kauprétti verið felld út enda ekki fyrirhugað að veita kauprétti á árinu.

3) Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf (dagskrárliður 4)

Stjórn félagsins leggur fram eftirfarandi tillögu til samþykktar á aðalfundi félagsins:

„Stjórn félagsins er heimilt að kaupa allt að 184.499.630 hluti í félaginu, í þeim tilgangi að stjórn geti ákveðið að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun, ii) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum og/eða iii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2020. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kautilboði á Nasdaq Iceland, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Greinargerð: Stjórn óskar eftir heimild aðalfundar til kaupa á eigin hlutum, til þess að geta ákveðið að koma á formlegri endurkaupaáætlun hjá félaginu sem nýst getur við stýringu á fjármagnsskipan

félagsins. Stjórn kann jafnframt að nýta heimildina til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, eða til þess að auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Vakin er athygli á því að samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki eru bæði kaup á eigin hlutum og lækkun hlutafjár háð fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt lögum um hlutafélög verður lækkun hlutafjár aukinheldur ekki framkvæmd nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Lagt er til að kaup á eigin hlutum geti að hámarki numið þeirri heimild sem félagið hefur til að eiga eigin hluti, samkvæmt 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Endanleg fjárhæð endurkaupa mun ráðast af mati stjórnar á hagkvæmstu fjármagnsskipan félagsins á hverjum tíma.

4) Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins (dagskrárliður 5)

Stjórn félagsins leggur til breytingar á samþykktum, sem fram koma í viðauka við þessar tillögur.

Greinargerð: Stjórn leggur fram tillögu að þó nokkrum breytingum á samþykktum félagsins. Meirihluti þeirra er til kominn vegna fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Auk þess er lögð til breyting varðandi skipunartíma endurskoðanda til að endurspegla breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Loks eru lagðar til breytingar á bráðabirgðaákvæðum samþykktu um heimild stjórnar til útgáfu og sölu áskriftarréttinda og niðurfellingu eldri heimildar til kaupa á eigin hlutum.

Um skýringar við einstakar breytingar er vísað til greinargerðar með hverju ákvæði í viðauka við þessar tillögur stjórnar.

5) Tillaga um að stjórn verði falið að meta kosti og galla skipunar tilnefningarnefndar (dagskrárliður 7)

Stjórn félagsins leggur til að eftirfarandi ályktun verði samþykkt:

„Stjórn Kviku banka hf. er falið að greina kosti og galla þess að skipa félaginu tilnefningarnefnd, fá fram sjónarmið hluthafa í þeim efnum og útfæra tillögu ef rétt þykir.“

Greinargerð: Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, sem félagið fylgir, skal tilnefningarnefnd tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu fyrir aðalfund þess ár hvert. Ef vikið er frá þessu ber félaginu að skýra frá því í stjórnarháttayfirlýsingu. Félagið hefur til þessa ekki skipað sér tilnefningarnefnd. Við mat á hvort rétt sé að skipa félaginu tilnefningarnefnd koma m.a. til skoðunar áhrif sérreglna um fjármálafyrirtæki. Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 kveða á um hæfi stjórnarmanna, sem Fjármálaeftirlitið metur. Þá gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um að stjórn meti sjálf hæfi sitt og framkvæmi árlega sjálfsmat á samsetningu stjórnar og hæfi hennar til að sinna hlutverki sínu. Er samsetning og skipun stjórnar því til ítarlegri og reglulegri skoðunar en hjá félögum sem ekki eru fjármálafyrirtæki eða heyra undir sambærilegar reglur hvað skipun stjórnar varðar.

Lagt er til að stjórn verði falið að vinna greiningu á kostum og göllum þess að skipa félaginu tilnefningarnefnd, m.a. með hliðsjón af ofangreindu og hlutverki tilnefningarnefnda, fá fram sjónarmið hluthafa í þeim efnum og útfæra tillögu ef rétt þykir. Stjórn stefnir á að leggja niðurstöður sínar og, ef við á, tillögur sem byggja á þeim fyrir hluthafafund, í síðasta lagi á aðalfundi 2020.

6) Tillaga um kosningu endurskoðenda félagsins (dagskrárliður 8)

Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2019.

Greinargerð: Stjórn leggur til að núverandi endurskoðendur félagsins verði kjörnir til áframhaldandi starfa. Deloitte ehf. hefur verið endurskoðunarfyrtæki félagsins frá aðalfundi félagsins árið 2016.

7) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar (dagskrárliður 9)

Lagt er til að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 850.000,- á mánuði og annarra stjórnarmanna kr. 425.000,- á mánuði. Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði ákveðin kr. 212.500,- fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema kr. 425.000,- á ári. Loks er lagt til að formenn undirnefnda stjórnar fái greiddar kr. 200.000,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 150.000,- á mánuði.

Greinargerð: Undanfarin ár hafa þóknanir til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum tekið breytingum í samræmi við breytingu á launavísitölu. Launavísitalan hækkaði um 6,0% á árinu 2018. Í ljósi þess að almennar launahækkningar hafa verið töluvert lægri en það hjá félaginu hefur stjórn ákveðið að leggja til 2,7% hækkun á þóknun aðalmanna í stjórn.

Lagt er til að þóknun til varamanna í stjórn verði aukin úr 41.386 kr. fyrir hvern setinn fund í kr. 212.500 fyrir hvern setinn fund, þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar og að lágmarksgreiðsla til varamanna skuli að lágmarki nema kr. 425.000,- á ári. Tillaga þessi er til komin m.a. vegna umfangsmikillar upplýsingagjafar til eftirlitsaðila og félagsins sem og annarra íþyngjandi kvaða sem varamenn í stjórn fjármálafyrirtækis þurfa að lúta, óháð því hvort þeir sitja fundi stjórnar á tímabilinu.

Lagt er til að þóknun nefndarmanna í undirnefndum verði óbreytt frá því sem hluthafafundur samþykkti í desember síðastliðnum.

Stjórn Kviku banka hf.

Viðauki

Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn Kviku banka hf. leggur til eftirtaldar breytingar á samþykktum félagsins:

(i) **Lagt er til að ákvæði gr. 2.3. verði breytt þannig að framvegis verði það svohljóðandi:**

„2.3. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna (1. kr.) að nafnverði. Einn flokkur hlutafjár er í félaginu og allir útgefnir hlutir njóta sömu réttinda.“

Greinargerð: Með breytingunni er lagt til að heimild til að gefa út hlutabréf á pappírformi til hluthafa verði felld út. Breytingin endurspeglar raunverulega framkvæmd, en hlutir félagsins eru rafrænt skráðir.

(ii) **Lagt er til að orðalagi ákvæðis gr. 2.4. verði breytt, þannig að ákvæðið verði eftir breytingu svohljóðandi:**

„2.4 Sé ekki kveðið á um annað í samþykktum þessum, þ.m.t. bráðabirgðaákvæðum þeirra, skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína, en að öðru leyti fer um útgáfu slíkra hluta eftir þeim skilmálum, sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.“

Greinargerð: Með breytingunni er lögð til breyting á orðalagi. Í gildandi samþykktum er vísað til þess að útgáfa hlutafjár skuli vera eftir þeim „reglum“ sem stjórn félagsins setur, en verður eftir breytingu eftir þeim „skilmálum“ sem stjórn félagsins setur í samræmi við ákvörðun hluthafafundar hverju sinni.

(iii) **Lagt er til að orðalagi ákvæðis gr. 2.5. verði breytt, þannig að ákvæðið verði eftir breytingu svohljóðandi:**

„2.5 Hlutir félagsins eru skráðir rafrænt í verðbréfamíðstöð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 131/1997, með síðari breytingum. Yfirlit verðbréfamíðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess og skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Hvers konar tilkynningar til hluthafa skal senda til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.“

Greinargerð: Í gildandi samþykktum er kveðið á um að „arðgreiðslur og hvers konar tilkynningar“ til hluthafa skuli sendar til þess aðila sem skráður er í hlutaskrá. Með breytingunni er lagt til að aðeins verði vísað til þess að „tilkynningar“ skuli sendar til þess aðila sem skráður er í hlutaskrá. Við fyrirhugaða skráningu félagsins á skipulegan verðbréfamarkað munu reglur Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerna gilda um arðgreiðslur. Í reglunum er gert ráð fyrir að aðilar tilgreindir í hlutaskrá í lok arðsréttindadags, en ekki arðgreiðsludags, eigi tilkall til arðs.

(iv) **Lagt er til að ákvæði gr. 2.8. í gildandi samþykktum verði felld út í heild og í stað þess komi nýtt ákvæði gr. 2.8. sem verði svohljóðandi:**

„2.8. Hluthafar verða ekki skyldaðir til að auka hlutafjäreign sína í félaginu og eigi heldur til að sæta innlausn á hlutum sínum, nema lög bjóði.“

Greinargerð: Í ákvæði gr. 2.8. í gildandi samþykktum er kveðið á um skyldu aðila sem nær beint eða óbeint yfirráðum í félaginu til að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Yfirtökuskyldan endurspeglar þær reglur sem í dag eiga við um kauphallarskráð félög. Við fyrirhugaða skráningu félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland munu ákvæði laga um verðbréfvíðskipti nr. 108/2007 um tilboðsskyldu gilda um hluti félagsins og er því lagt til að fella ákvæði um yfirtökuskyldu úr samþykktunum.

Samkvæmt 100. gr. laga um verðbréfvíðskipti nr. 108/2007 skal aðili sem beint eða óbeint hefur náð yfirráðum í félagi gera öðrum hluthöfum félagsins tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi samanlagt eignast a.m.k. 30% atkvæðisréttar í félaginu, eða hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 30% atkvæða í félaginu, eða hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Í stað fyrra ákvæðis um yfirtökuskyldu er lagt til að kveðið verði á um að hluthafar verði ekki látnir sæta innlausn eða leggja fram aukið hlutafé, nema lög bjóði.

(v) **Lagt er til að nýtt svohljóðandi ákvæði gr. 2.9. bætist við samþykktir félagsins:**

„2.9. Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Meðferð virkra eignarhluta sætir takmörkunum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Hluti í félaginu má framselja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Um skrásetningu veðréttinda, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer samkvæmt löggjöf um rafræna eignarskráningu verðbréfa, eins og hún er á hverjum tíma.“

Greinargerð: Lagt er til að í samþykktum komi fram að framsal hluta í félaginu sé frjálst, sem er skilyrði samkvæmt gr. 1.3.7. í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Jafnframt er lagt til að tekið verði fram að meðferð virkra eignarhluta sæti takmörkunum samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

(vi) **Lagt er til að ákvæði gr. 3.5. í samþykktum félagsins verði breytt þannig að framvegis verði það svohljóðandi:**

„3.5. Til hluthafafundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa með bréfi eða tölvupósti eða með auglýsingu í dagblaði.

Hluthafafundir skulu boðaðir með minnst þriggja vikna fyrirvara og lengst fjórum vikum fyrir fund.

Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins.“

Greinargerð: Með ákvæðinu er lögð til breyting á ákvæðum samþykktu um boðun hluthafafunda, vegna fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Í gildandi samþykktum er kveðið á um að boða skuli til hluthafafundar með minnst viku fyrirvara og til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara. Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að í félögum þar sem hlutir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skuli boða til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund. Jafnframt er lagt til að kveðið verði á um að heimilt sé að halda hluthafafundi annars staðar en á heimili félagsins.

(vii) Lagt er til að ákvæði gr. 3.6. í samþykktum félagsins verði breytt þannig að framvegis verði það svohljóðandi:

„3.6. Í þrjár vikur (21 dag) fyrir hluthafafund og á fundardegi skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins: Fundarboð, heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, skjöl sem verða lögð fyrir hluthafafund, ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar.

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaðrar dagskrár fundarins.

Mál, sem hafa ekki verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn.“

Greinargerð: Með breytingunum er fresturinn sem kveðið er á um í ákvæðinu samræmdur þeim fresti sem kveðið er á um í gr. 3.5. eins og lagt er til að því ákvæði verði breytt, sbr. tillögu í lið (vi). Þá er lagt til að með ákvæðinu verði tekin upp í samþykktir heimild hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi með a.m.k. 10 daga fyrirvara, sem kveðið er á um í 86. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Breytingin er lögð til vegna fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

(viii) Lagt er til að breyta ákvæði 2. mgr. gr. 3.8. í samþykktum félagsins þannig að framvegis verði ákvæðið í heild svohljóðandi:

„3.8. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum þessum eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Hluthöfum skal gefast kostur á að greiða atkvæði annað hvort skriflega eða rafrænt um mál sem eru á dagskrá hluthafafundar. Í fundarboði skal koma fram hvernig atkvæðagreiðslan skuli framkvæmd.“

Greinargerð: Lagt er til að bæta einni málsgrein við ákvæðið, vegna fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Í 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um að í félögum þar sem hlutir hafa verið skráðir á skipulegan verðbréfamarkað sé skylt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt.

- (ix) **Lagt er til að ákvæði gr. 6.1. í samþykktum félagsins verði breytt þannig að 2. mgr. þess falli út og í stað hennar komi ný 2. mgr., þannig að ákvæðið í heild verði svohljóðandi:**

„6.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins og skal hann gerður í samræmi við ákvæði laga.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki skal kjósa á aðalfundi félagsins til a.m.k. eins árs, þó ekki lengur en til tíu ára.“

Greinargerð: Lögð er til sú breyting að í stað þess að kveðið sé á um að kjósa skuli endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki til fimm ára á aðalfundi skuli kosið til a.m.k. eins árs en þó ekki lengur en til tíu ára. Breytingin endurspeglar breytingar á 2. mgr. 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrtæki, sem tóku gildi þann 21. febrúar 2019.

- (x) **Lagt er til að núgildandi bráðabirgðaákvæði II í samþykktum félagsins verði fellt út í heild sinni og í stað þess komi nýtt bráðabirgðaákvæði II sem verði svohljóðandi:**

„Félagsstjórninni er heimilt, fram til aðalfundar félagsins árið 2020, að gefa út áskriftarréttindi að allt að 100.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Félagsstjórninni er jafnframt í fimm ár, til 14. mars 2024, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjárhækkun í tengslum við áskrift nýrra hluta á grundvelli áskriftarréttindanna. Félagsstjórnin ákveður hverjir fá rétt til áskriftar að nýjum hlutum en hvorki hluthafar né aðrir njóta forgangsréttar. Félagsstjórnin ákveður söluverð áskriftarréttindanna og nánari skilmála þeirra. Áskriftarréttindi sem gefin eru út samkvæmt heimild þessari skulu seld á gangvirði samkvæmt verðmati frá óháðum sérfróðum aðila.“

Greinargerð: Með tillögunni er í fyrsta lagi lagt til að fella úr samþykktum eldri heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum, sem rennur út þann 11. apríl 2019.

Lagt er til að hluthafafundur samþykki heimild til stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda. Stjórn hefur selt starfsmönnum áskriftarréttindi að hlutafé í bankanum á gangvirði, á grundvelli heimilda í bráðabirgðaákvæðum III og IV í samþykktum félagsins. Áskriftarréttindi samkvæmt bráðabirgðaákvæði III skulu samkvæmt skilmálum sínum öll nýtt í síðasta lagi í október 2019. Stærstur hluti útistandandi áskriftarréttinda var gefinn út haustið 2017, á grundvelli heimildar í bráðabirgðaákvæði IV. Síðan þá hafa nýir starfsmenn

bæst í hópinn og fyrirséð er að starfsmönnum fjölgi frekar, m.a. í tengslum við fyrirhuguð kaup á öllu hlutfé GAMMA Capital Management hf. Það er markmið félagsins að geta boðið starfsmönnum að kaupa áskriftarréttindi að hlutum í félaginu, þó ekki liggi fyrir hvort allir eða einhverjir starfsmenn nýti sér það boð. Stjórn leggur því til að hluthafafundur veiti heimild til útgáfu áskriftarréttinda að 100 milljónum hluta að nafnvirði til viðbótar við þegar útgefin áskriftarréttindi. Verði tillagan samþykkt og heimildin nýtt að fullu munu útgefin áskriftarréttindi nema tæplega 30% alls hlutfjár bankans, miðað við þá forsendu að öll útistandandi áskriftarréttindi hafi verið nýtt að fullu.

- (xi) **Lagt er til að A og B liðum bráðabirgðaákvæðis IV í samþykktum félagsins verði breytt þannig að heimild stjórnar sem þar er kveðið á um til útgáfu nýs hlutfjár verði framlengd til 31. desember 2022.**

Greinargerð: Líkt og fram kemur í neðanmálgrein með skýringum við bráðabirgðaákvæði IV í samþykktum hafa verið gefin út áskriftarréttindi á grundvelli bráðabirgðaákvæðis IV með gildistíma fram í desember 2022. Þegar heimild bráðabirgðaákvæðis IV til útgáfu nýs hlutfjár var bætt í samþykktir, í júlí 2017, var hún til fimm ára, sem er hámarksfrestur slíkrar heimildar samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimildin eins og ákvæðið er nú nær því til 14. júlí 2022. Lagt er til að heimildin verði framlengd um rúmlega fimm mánuði, til loka árs 2022, til að endurspeglar skilmála þegar útgefinna áskriftarréttinda.

- (xii) **Lagt er til að C lið bráðabirgðaákvæðis IV í samþykktum félagsins verði breytt þannig að hámark útgefinna en ónýtttra áskriftarréttinda verði 30,0% í stað 33,3%.**

Greinargerð: Stjórn leggur til að hámark útgefinna en ónýtttra áskriftarréttinda af heildarhlutfé félagsins, miðað við útreikning að gefinni þeirri forsendu að öll útistandandi áskriftarréttindi hafi verið nýtt að fullu, verði lækkað úr 33,3% í 30,0%.

- (xiii) **Annað.**

Loks eru gerðar smávægilegar lagfæringar á enskri þýðingu sumra ákvæða í samþykktunum, en samkvæmt gr. 9.3. gengur íslenskur texti samþykktanna framar enskri þýðingu. Framangreindar lagfæringar eru því ekki bornar sérstaklega undir atkvæði hluthafa.